

Niðurstöður frá Ungmennahringi 2023

(textinn er handrit sem ungmennaráð ætlar að nota í kynningu á niðurstöðum)

Ungmennaráð er nefnd innan stjórnsýslu Hornafjarðar sem er saman sett af ungmennum og hugmyndin með ráðinu er að fá hugmyndir frá unga fólkinu og berst því mikið af málefnum til ungmennaráðs. Sveitarfélagið er einnig að vinna að því að fá stimpil UNICEF um að vera barnvænt sveitarfélag og þar er m.a. verið að tryggja að börn og ungmenni fá að koma að öllum ákvörðunum sem snúa að ungu fólki.

Ungmennaráð Hornafjarðar stóð fyrir Ungmennahring 8. september síðastliðinn í Nýheimum og stefnir að því að gera myndband með helstu niðurstöðum. En hér er búið að draga saman þann texta sem á að verða í myndböndunum.

Umræðu efnin á þinginu voru:

- 01) Hvað er gott á Höfn?
- 02) Hvað má bæta á höfn?
- 03) Hvernig bætum við samfélagið?
- 04) Hvernig virkjum við sem fjölbreyttasta hóp ungmenna til þess að þaka þátt í samfélaginu?

Á ungmennahringið mættu allir krakkar úr 8. 9. og 10. bekk ásamt ungmennum úr FAS.

Málstofa 1 og 2.

Ungmenni eru almennt ánægð með bæinn okkar, þar kom aðallega fram að bærinn væri passlega stór, stuttar vegalengdir og frábært að geta notað hopp hjólin. Verkefni eins og skugga kosningarnar voru frábær, ásamt því að ánægja er með verkefnið „Hornafjörður Náttúrlega“. Það er þó upplifun einhverra að það sé verið að bryggja bæinn fyrir túristana en ekki fyrir fólkið í bænum.

Eftir að búið var að fara yfir hvað kom frá öllum hópum tók ungmennaráð saman það sem mest var talað um og það sem ungmennaráði fannst skipta mestu máli. Þessi atriði voru sett í flokkana sem eru hér fyrir neðan.

Umhverfis-, loftslags- og skipulagsmál

Það var mikið talað um að hraðahindranir væru hvassar. Það þarf að setja upp fleiri ljósastaura og bæta lýsingu á sumum göngustígum og bæta göngustíginn út í Nes. Bæta þarf viðhald á mörgum gönguleiðum sem og gangstéttum, en mikið af stéttum eru ónýtar og ógeðslegar og var mikið bent á gangstéttina við Silfurbraut „gatan er í heild sinni ógeðsleg“.

Húsnæðismál

Þegar talað var um húsnæðismál kom sterklega fram að uppfæra þarf Sindrabæ þar sem þetta er bæði Tónskóli og samkomusalur sem krakkar og ungmenni nota mikið. Oft kom líka fram að það vantaði bíósal, íbúðir fyrir skólafólk og ungmenni sem eru að stíga sín fyrstu skref í atvinnu- og fjölskyldumálum.

Leikvellir og opin svæði

Ungmennin voru sammála um að það vantaði fjölbreyttari leikvelli og bentu þá á að nýi leikvöllurinn á milli Miðtúns og Hagatúns væri flottur og vel heppnaður. Það var einnig bent á að það væri flott að hafa aðstöðu þar sem hægt væri að koma saman og grilla bæði á Höfn og út í sveit og gott væri að endurnýja hjólarampinn.

Félagslíf, félagsmiðstöðin Þrykkjan

Hvað varðar félagslíf á Hornafirði þá virðast mörg þeirra ungmenna sem tóku þátt í ungmennahúsinu vera sátt við félagslífið og þykja það almennt vera mjög gott.

Ungmenni á aldrinum 13-16 ára eru almennt mjög ánægð með félagsmiðstöðina (eða Þrykkjuna eins og hún heitir). Hún virðist samt vera mjög grunnskólamiðuð og kom þá uppástunga um að hafa ungmennahús. Það væri þá hús fyrir ungmenni á aldrinum 16-24 ára.

Grunnskólinn

Í öllum hópum fór mikill tími í umræður um og skólabyggingarnar, enda þeir staðir sem þátttakendur eyða miklum tíma á.

Í umræðum um Grunnskólann kom mikið af punktum. Ungmennaráð staldraði t.d. við punktinn þar sem kom fram að það sé þörf á að kynna framhaldskólana fyrr og byrja jafnvel við lok 9. bekkjar. Þá væri líka sniðugt að kynna forrit eins og Innu, Microsoft 360 og samþættingu á þeim kerfum sem notuð eru. Umræður um matsalinn og matinn voru miklar. Fram kom líka punktur um að ávaxtabiti þyrfti að vera betri og bera fram meira af vinsælum ávöxtum og passa að það sé í lagi með þá. Stúlkur í eldri deild Grunnskólans vilja hafa tíðarvörur inn á klósetti þar sem mörgum finnst óþægilegt að nálgast þær hjá ritara.

FAS

Nemendum í FAS fannst vanta að laga sófa í setustofunni og fjölga þeim. Mikið var rætt meðal þingmanna að það þyrfti að bjóða upp á fleiri verklegar námsgreinar. Sniðugt væri líka að hafa samstarf við Tónskólann og mætti einnig skoða Íþróttakademíu FAS. Einnig nefndu krakkar að skólinn væri ekki opinn nógu lengi og minnkaði það svigrúm til námsaðstöðu. Ungmennaráð var sammála því að halda vel utan um framhaldsskólann hérna þar sem það er sjaldgæft að svona lítil sveitarfélög sé með framhaldsskóla

Íþróttir og íþróttamannvirki

Það er mikill styrkleiki í því hvað allt er nálægt hvort öðru á Hornafirði og er það frábært að hafa íþróttahúsið nálægt grunnskólanum og er ótrúlega gott hvað er mikið framboð af íþróttum á svæðinu. en það er samt sem áður spurt hvort ekki sé hægt að hafa handbolta og dans. Þjálfarar eru almennt frábærir og umræður voru um að íþróttalíf haf eflst á svæðinu. En það sem okkur í ungmennaráði finnst skína í gegn er ákall á nýtt íþróttahús, sem samræmist öllum stærðum til iðkunar og keppni, einnig sem það má nú laga ýmislegt eins og varamannaskýlin

Afþreying

Þó að hér á Hornafirði sé mjög gott framboð af tómstundum og félagslífi í Þykkjunni og fleiri stöðum, þá sakna margir að hér sé kvikmyndahús og er það mikið nefnt, hvort sem að það sé í samhengi við Sindrabæ eða einhvað allt annað.

Einnig er talað um að bæta megi við braut á mínigolfvöllinn og að bæta laga folfvöllinn. Ungmennaráð er einnig enn að bíða eftir hreystibrautinni sem talað var um fyrir ári síðan sem og útiæfingartækjum sem bíði er að bíða eftir vandræðalega lengi. Oft voru opnunartímar

sundlaugarinnar nefndar og er það ljóst á umræðum að mörgum finnst að opnanir mættu vera lengri og þá sé hann allt of stuttur um helgar. Sundlaugin er félagslega góður staður að vera á, engir tölvuskjáiir eða símar að trufla og hefur einnig heilsueflandi, félagseflandi og forvarnarlegt gildi.

Verslanir, veitingar og þjónusta

Ungmennni eru sammál um að það er frábært hvað það eru margir veitingastaðir á Höfn en vilja samt fleiri hversdagsstaði eins og bakarí og skyndibitastaði t.d. Dominos eða Subway. Þá er spurning hvort það er ekki hægt að hafa það með Krónunni og öðrum búðum í litlum verslunarkjarna því það kom góð hugmynd um lítinn verslunarkjarna á þinginu.

Vinnuframboð

Það er yfir höfuð frekar létt fyrir ungt fólk að fá vinnu en ungmennin eru þó sammála um að það væri gott að auglýsa meira hvaða vinnur væri í boði. Þá gæti Eystrahorn boðið upp á auglýsingasölu á Instagram eða atvinnurekendur verið virkari á samfélagsmiðlum

Velferðarmál

Það vori ekki margir hópar sem fóru yfir velferðarmálin, enda flestir sem voru á þinginu við góða heilsu. Þó var rætt um að það mætti bæta sálfræðiþjónustu og það vantar einnig fleiri lækna á Höfn og þá kom sú hugmynd að það væri hægt að gera einhverskonar heilsukjarna þar sem var vitnað í Glæsibæ í Reykjavík.

Málstofur 3 og 4

Niðurstöður úr spurningum 3 og 4 voru ekki flokkaðar ein. Úr þeim má kannski frekar lesa ákveðna hluti til að hafa að leiðarljósi í allri vinnu ungmennaráðs og í eru niðurstöðurnar þar eftirfarandi.

- Ungmennaráð er sammála að í samfélaginu líðum við ekki hegðun eins og einelti, óvirðingu og fleira. Við viljum að allir hjálpi að við að taka vel á móti allskonar fólki sem flytur hingað og að allir séu velkomnir. (Þó við vitum ekki til annars en að það hafi verið tekið vel á móti flestu fólki).
- Við teljum að ungmennahús myndi virkja mjög fjölbreyttan hóp til að taka þátt í samfélaginu. Þá er t.d. hægt að laga rústirnar fyrir aftan Miklagaröð eð gömlu sundlaugina og gera það að ungmennahúsi og mögulega halda ungmennakvöld og böll þar í kjallaranum.
- Þá viljum við virkja Hornafjörð á Instagram þar sem ekkert hefur verið sett þar inn í meira en ár. Þannig geta allir fylgst betur með og unga fólkið mun örugglega fylgjast betur með líka.
- Við þurfum að vera duglegri að draga fram hvað unga fólkið er að gera. Draga fram hvaða starfsemi er í skólanum og vera með gott samstarf við unga fólkið í bænum þar sem opinberir aðilar vinna markvist að því að hitta okkur og tala við okkur og spyrja okkur hvað við viljum.